

Samantekt um bráðamengun árið 2021



Samantekt um bráðamengun árið 2021

September 2024

Útgefandi Umhverfisstofnun

Útgáfunúmer UST-2024:10

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.ust.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Skammstafanir	5
3. Tilkynningar um bráðamengun og atburði	6
3.1 Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi	6
3.2 Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða	6
3.3 Tilkynningar um bráðamengun / atvik utan hafnarsvæða	11
3.4 Tilkynningar um strand skipa /báta	13
3.6 Olíuleki frá El Grillo	13
4. Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet	14
5. Æfingar og þjálfun	14
6. Innlent og erlent samstarf	16
6.1 Mengunarvarnaráð hafna	16
6.2 Kaupmannahafnarsamkomulagið	16
6.3 EPPR / MOSPA	17

1. Inngangur

Samantekt þessi yfir bráðamengun á árinu 2021 er unnin í samræmi við 26. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda en samkvæmt henni skal Umhverfisstofnun fyrir 15. september ár hvert taka saman og birta opinberlega upplýsingar um bráðamengun næstliðins árs. Í samantektinni skal einnig greint frá eftirliti, æfingum og samstarfi við mengunarvarnaráð hafna, hafnir og stofnanir.

Skylt er samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda að tilkynna um bráðamengun en það fer eftir staðsetningu atviksins til hvaða aðila tilkynna skal um mengunina. Ef um er að ræða bráðamengun innan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til viðkomandi hafnarstjóra sem ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Ef bráðamengun verður utan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til vaktstöðvar siglinga sem kallar til vakthafandi aðila innan Umhverfisstofnunar, enda ber stofnunin ábyrgð á að gera viðeigandi ráðstafanir vegna mengunarinnar. Ef um er að ræða mengunaróhapp á landi skal tilkynna það til viðkomandi slökkviliðs. Nánari upplýsingar um tilkynningar vegna bráðamengunar og viðbrögð við bráðamengun er að finna í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

Hér á eftir eru teknar saman upplýsingar um tilkynningar um bráðamengun og atburði innan hafnarsvæða sem Umhverfisstofnun bárust árið 2021 og upplýsingar um bráðamengun eða atburði utan hafnarsvæða sem tilkynnt var um til Umhverfisstofnunar. Ekki er fjallað um mengunaróhöpp á landi sem skylt er að tilkynna til viðkomandi slökkviliðs, nema Umhverfisstofnun hafi borist tilkynning um óhappið.

2. Skammstafanir

Hér á eftir er yfirlit um helstu skammstafanir sem notaðar eru í þessari samantekt:

EMSA - Siglingaöryggisstofnun Evrópu

EPPR - Vinnuhópur Norðurskautsráðsins um varnir, viðbúnað og viðbrögð við umhverfisvá

HAUST - Heilbrigðiseftirlit Austurlands

HEVF - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

LHG - Landhelgisgæsla Íslands

ODR - Olíudreifing

3. Tilkynningar um bráðamengun og atburði

3.1 Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
31. mars	Álfsnes	Ábending um blýmengun frá skotsvæði á Álfsnesi.	Styrkur blýs undir öllum viðmiðunarmörkum í vatnssýnum sem hafa verið greind. Það er hlutverk viðkomandi heilbrigðis- eftirlits að fylgja málinu eftir ef um mengaðan jarðveg er að ræða.
7. júní	Skápadalur (Patreksfjörður)	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um mengunar- og slyshættu vegna skipsins Garðars BA 64 sem liggur í fjörunni við Skápadal í Patreksfirði.	Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.
30. sept.	Flatey	Orkubú Vestfjarða tilkynnti um olúleka á Tröllaenda, á svæði eða á plani undir rafstöð orkubúsins í eyinni, til HEVF. Áætlað magn olú var 1.500 L.	HEVF setti fram tilmæli um hreinsunaraðgerðir.

3.2 Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
9. janúar	Reyðarfjörður	Tilkynning barst frá LHG um að fóður- prammi væri að sökkva á Reyðarfirði. Um 10.000 L af dísilolíu um borð. Varðskip á staðnum.	Aðgerðaáætlun lögð fram og olú dælt úr prammanum. Farið var í aðgerðir til að koma í veg fyrir að fiskolía myndi seitla úr tönkum. Prammanum var náð á flot árið 2022 og farið með

			hann að bryggju í Reyðarfirði.
31. mars	Grundartangi	Glussaslanga fór í löndunarkrana hjá Eimskipum. Áætlað að um 100 L hafi farið á bryggjuna.	Ísogspylsur notaðar til að stífla niðurföll út í sjó og ísogsmottur og -koddar notaðir til að hreinsa upp mest af glussanum. Bryggjan hreinsuð. Ekki talin ástæða til aðgerða á sjó þar sem óverulegt magn fór í sjóinn.
2. apríl	Grafarvogur	Tilkynning barst til Umhverfisstofnunar um að olíupollur væri í sjónum við Hamrahverfi í Grafarvogi og að svo virtist sem olían kæmi frá skipum í Faxaflóahöfnum.	Starfsmenn Faxaflóahafna fóru á staðinn og fundu olíulykt og smá flekk á sjónum við sandvíkina við Gufuneshöfða. Slíkjan brotnaði hratt niður og ekki talin ástæða til aðgerða. Miklar líkur taldar á að mengunin hafi komið úr útrás frá regnvatnslögnum hverfisins.
27. apríl	Hafnarfjörður	Olúsmit frá togaranum Taurus sem lá við Hvaleyrarbakka og lá olúslikja inn með Hvaleyrarbakka í átt að flotkvíum og aðeins út í höfnina. Líklegasta skýringin að smit hafi orðið við færslu á milli tanka í skipinu.	Felliefni (sápa) sett á smitið við hafnarbakkann og svæði þar sem olúslikjan var mest áberandi næst höfninni.
27. apríl	Reykjavík	Smábátur sökk í Norðurbugt.	Ekki talin mikil mengunarhætta af bátnum. Faxaflóahafnir fóru fram á að eigandi gripi til ráðstafana til að ná bátnum upp án tafar.
27. apríl	Kópavogur	Tilkynning barst til Umhverfisstofnunar um olíumengun í sjó gegnt Naustavör í Kópavogi.	Starfsmaður hjá Kópavogshöfn gekk eftir ströndinni en varð ekki var við neina olíumengun.
12. maí	Sauðarkrókur	Báturinn Badda 7038 sökk í höfninni á Sauðárkróki.	Hafnaryfirvöld og slökkvilið gripu til viðeigandi aðgerða.

20. maí	Hafnarfjörður	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um viðvarandi olíumengun í Hafnarfjarðarhöfn og sterka olíulykt.	Ábending áframsend til Hafnarfjarðarhafnar.
2. júní	Seyðisfjörður	Tilkynning barst til Umhverfisstofnunar um mikla olíumengun í Seyðisfirði. Samkvæmt upplýsingum frá hafnarverði varð óhapp þegar verið var að land kolmunna, þ.e. löndunarbarki rifnaði og fór blóðvökvi sjóinn.	Engar aðgerðir.
15. júní	Hafnarfjörður	Gat kom á rör innan þilja í togaranum Taurus og olía lak út frá skipinu.	Sápuefni dreift yfir olíuslikjuna.
19. júní	Hafnarfjörður	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um viðvarandi olíumengun í Hafnarfjarðarhöfn (smábátahöfn) og mikla olíulykt.	Umhverfisstofnun hafði samband við hafnaryfirvöld. Þær upplýsingar fengust að búið væri að taka á málinu. Ísogspylsur settar út og þeim skipt út eftir þörfum.
6. júlí	Norðfjörður	Tilkynning barst til Umhverfisstofnunar um lýsi í sjó frá bræðslu Síldarvinnslunnar við Norðfjarðarhöfn.	Vélar og uppsogspylsur notaðar til að hreinsa upp svæðið undir eftirliti Fjarðabyggðarhafna.
14. júlí	Eskifjörður	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um mengun í Eskifjarðarhöfn.	Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra varð bilun í búnaði hjá Eskju sem olli því að út fór fitulaus vökvi frá skilvindu. Starfsmaður HAUST skoðaði aðstæður á vettvangi og fjörur í nágrenni verksmiðjunnar.
20. júlí	Hafnarfjörður	Um 10-15 L af smurolíu fóru í sjóinn þegar verið var að fylla á tanka skipsins Steinunni SF sem lá við þverkerið við Suðurgarðinn í Hafnarfjarðarhöfn (tankur yfirfylltist).	Hreinsað til á millidekki. Hafnarstarfsmenn settu út samsettar ísogspylsur og drógu út mengunarvarnargirðingu utan um skipið. Sápuefni údað þar sem stærstu olúfleckirnir voru.

		Nokkur olíuslikja í kringum skipið og aðeins inn með suðurhöfninni.	
2. ágúst	Kópavogur	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um olíubrák (eða þvíumlíkt) við Naustavör í Kópavogi.	Engar aðgerðir.
3. ágúst	Keflavík	Slanga í krananum í Grófinni í Keflavík fór í sundur og fóru um 10 til 15 lítrar af glussa í höfnina.	Sápulegi og felliefni dreift yfir olíubrákina.
4. ágúst	Seyðisfjörður	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um olíuleka úr El Grillo.	Ekki unnt að staðfesta að um olíumengun væri að ræða. Í vettvangsskoðun HAUST í september 2021, að beiðni yfirhafnarvarðar, sást engin greinileg olía í fjörum í firðinum en ummerki tjöru í fjörugrjóti á nokkrum stöðum (líklega gömul olía). Ekki talið að fuglum eða öðru lífríki í firðinum stafaði ógn af því.
6. ágúst	Eskifjörður	Nokkuð magn af úrgangsolíu sulaðist upp úr olíubíl þegar verið var að dæla úr skipinu Jóni Kjartanssyni í Eskifjarðarhöfn. Olían fór á bryggju og rann að hluta út í sjó.	Skipið girt af með ísogspylsum og olíu dælt upp úr sjónum með dælubíl. Bryggjan hreinsuð.
7. ágúst	Akureyri	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um olíu og mikla olíulykt við bakkann í fjörunni á Akureyri, á milli World Class og Eimskipa.	Hafnarstjóri skoðaði svæðið, en þá engin merki um olíumengun eða olíulykt að finna.
18. ágúst	Siglufjörður	Olíumengun í og við höfnina á Siglufirði. Upptök olíunnar óljós en um þó nokkra olíu að ræða.	Mengunarvarnabúnaður og ísogsefni notuð til að ná olíunni upp, en felliefnum einnig dreift í höfninni.

21. ágúst	Utanverður Eyjafjörður	LHG barst tilkynning um tvo olíubletti í utanverðum Eyjafirði, rek til suðurs og lyktar eins og dísillykt.	Ekki hægt að rekja upptök og ekki frekari tilkynningar.
22. ágúst	Um 3,4 sjómílar NNV af Straumnesi	Skip LHG varð vart við að miklu magni af vatni/sjó væri dælt út um tvö göt rétt ofan sjólínu á bakborðssíðu flutningaskips. Grunur vaknaði um að verið væri að dæla út kjölfestuvatni.	Ekki náðist að staðfesta grunurinn áður en dælingu frá skipinu var hætt. Skipið neitaði sök og gaf þá skýringu að um hefði verið að ræða þrif á þilförum.
26. ágúst	Akureyri	Umhverfisstofnun barst ábending um töluverða olíumengun í sjónum á Pollinum á Akureyri, fyrir framan leikhúsið og langt þar út, og mikla olíulykt.	Hafnarstarfsmenn skoðuðu aðstæður en sáu engin ummerki mengunar.
30. ágúst	Grindavík	Báturinn Dúa II sökk í Grindavíkurrhöfn.	Ísogspylsur settar í kringum bátinn. Farið í aðgerðir til að ná bátnum upp og honum komið upp á bryggju við Eyjabakka.
8. sept.	Akureyri	Upplýsingar bárust frá Hafnasamlagi Norðurlands um að fyrir mistök hafi lekið út olía úr Oddeyrinni EA þegar verið var að tæma aðalvél yfir á úrgangsolútank vegna viðgerða.	Dregnar voru út ísogspylsur umhverfis skipið.
9. sept.	Norðfjörður	Olía fór í höfnina þegar olíuskipið Keilir lestaði olíu við Olíubryggjuna og var ástæðan sú að olíuafgreiðslubrunnur lak.	Leki stöðvaður. Gripið til aðgerða til að hamla útbreiðslu olíunnar og ná henni upp úr höfninni.
9. sept.	Hafnarfjörður	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um að mikil olíubræk væri í Hafnarfjarðar-	Hafnarstjóri skoðaði aðstæður og var enga mengun að sjá.

		höfn, á móts við Fjörukrána.	
11. sept.	Keflavík	Olíubræk í höfninni í Grófinni vegna leka út um lensirör á bát (Hafey) í höfninni. Brákina lagði í austur meðfram grjótgarðinum landmegin. Lítið magn olíu, áætlað um 1 L að hámarki.	Lokað fyrir hráolíutank við síu. Felliefni úðað yfir olíuflekkinn.
5. nóv.	Vestmannaeyjar	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um mengun í sjónum norðan við Eiði í Vestmannaeyjum.	Mengunin var við enda útrásar á fráveitu Vestmannaeyjabæjar og því um skólpmengun að ræða.
9. nóv.	Seyðisfjörður	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um olíuleka frá El Grillo í Seyðisfirði.	Starfsmenn Seyðisfjarðarhafnar skoðuðu aðstæður á vettvangi en enga mengun var að sjá. Talið líklegast að olían hafi komið frá niðurföllum.

3.3 Tilkygningar um bráðamengun / atvik utan hafnarsvæða

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
11. mars	Breiðafjörður	Ferjan Baldur vélarvana á Breiðafirði.	Engin mengun og engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.
10. apríl	Dynjandisvogur	Tilkygning barst frá LHG um sýnilega mengun við Dynjandisvog í Arnarfirði. Um var að ræða sýnilega olíuslikju í firðinum sem breiddi úr sér um 300 metra út voginn.	Umhverfisstofnun undirbjó viðbrögð og tilkynnti um atvikið til HEVF, Vega-gerðarinnar og hafna Vesturbyggðar. Við eftirgrennslan lögreglu kom í ljós að mengunin hafði borist frá vinnuvél þar sem glussaslanga hafði farið í sundur. Búið var að gera við tækið en

			hreinsun á svæðinu hafði ekki farið fram. Umhverfisstofnun fór fram á að komið yrði fyrir búnaði til að ná upp olíu á staðnum.
27. maí	Hnit samkvæmt tilkynningu: 66°23.000N 25°29.700V	Togarinn Sturla/TFMK tilkynnir um glussaleka til LHG. Um 150 L tæmdust úr tanki þegar slanga sprakk upp í gálga og glussi úðaðist yfir allt skipið og í sjó.	Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.
12. júlí	Hnit samkvæmt tilkynningu: 6526N 00104V	Uppsjárarskipið Börkur tilkynnti til LHG að um 90 L af olíu hefðu farið út í sjó þegar dælu-barki fór í skrúfunu, sem olli skemmdum á fóðringu á öxli.	Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar. Skipið óskaði ekki eftir aðstoð.
4. ágúst	91 sjómílu frá Reykjanesi	LHG barst tilkynning um olíubrák frá rússneskum togara.	Engin olíumengun sjáanleg þegar flogið var yfir svæðið.
17. sept.	Hvalfjörður	LHG barst tilkynning um stóran flekk í Hvalfirði, á svæðinu frá Hvammsvík að Hálsnesi.	Lögreglan fór á staðinn en ekki náðist að staðfesta að um olíuflekk væri að ræða. Hugsanlega var um ferskara árvatn að ræða sem lá ofan á sjónum (ferskvatns linsa).
22. okt.	Skagafjörður	Ábending barst frá Fiskistofu um að við eftirlit hefði sést mengun, líklega olíumengun, í kringum skipið Onna HU 36.	Umhverfisstofnun kærði málið til lögreglunnar á Norðurlandi vestra. Málið var felld niður á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, að fengnum skýringum skipstjóra og stýrimanns skipsins og með tilliti til atvika málsins í heild, þar sem það var ekki talið líklegt til sakfellis. Helstu rökin voru þau að um óhappatilvik hafi verið að ræða þar sem lítið magn af olíu hefði lekið í sjóinn í tilefni af óhappi sem orðið

			hefði við að hífa veiðarfæri um borð í skipið.
13. des.	Vestur af Sandgerði og Garðskaga	CleanSeaNet gervitunglamynd barst frá EMSA þar sem greind var möguleg olíumengun.	Sýni tekin úr olíuflekkjum og um borð í skipi sem talið var líklegur sökudólgur. Ekki tókst með greiningum á sýnum úr flekkjunum að sýna fram á hvers konar efni um var að ræða eða hvaðan úr skipinu efni hefði komið. Málið því ekki kært til lögreglu.

3.4 Tilkynningar um strand skipa /báta

Hvenær	Hvar	Atburður	Aðgerðir/athugasemdir
16. des.	Vatnsleysuströnd	Skipið Masilik strandaði við Gerðistanga á Vatnsleysuströnd.	Umhverfisstofnun flutti mengunarvarnabúnað til Voga á Vatnsleysuströnd og var með mannskap í viðbragðsstöðu. Varðskipinu Freyju tókst að draga skipið á flot með aðstoð dráttarbáts og var skipið dregið til Hafnarfjarðar. Þar var mengunarvarnagirðing dregin umhverfis skipið.

3.6 Olíuleki frá El Grillo

Í ágúst 2021 var enn á ný tilkynnt um olíuleka frá El Grillo en lekinn reyndist minni en sumarið 2020. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (nú umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið) óskaði eftir aðstoð Landhelgisgæslu Íslands við að skoða aðstæður og fóru kafarar á vegum hennar að flakinu í ágúst 2021. Í ljós kom að um sama tank var að ræða og leki uppgötvaðist úr í ágúst 2020. Í september 2021 setti Seyðisfjarðarhöfn út einnota mengunarvarnagirðingu til að bregðast við olíumenguninni í firðinum.

Í ljósi þess að grípa þyrfti til aðgerða til að stöðva olíulekann frá El Grillo og skoða lausnir til langframa var ákveðið á fundi umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Múlaþings þann 5. október 2021 að setja á fót óformlegan samráðshóp þessara aðila. Verkefni hópsins var að kortleggja helstu möguleika á aðgerðum til skemmri og lengri tíma og skila inn stuttri samantekt til ráðuneytisins fyrir árslok 2021. Samráðshópurinn skilaði skýrslu um mögulegar aðgerðir vegna olíuleka frá El Grillo í desember 2021.

4. Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet

Landhelgisgæsla Íslands hefur eftirlit með hafsvæðum Íslands, jafnt úr lofti sem af sjó. Ef vart verður við mengun í eftirliti LHG er tilkynnt um hana til Umhverfisstofnunar. Auk þess sér LHG um móttöku á gervitunglamyndum frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) í samræmi við samning LHG og Umhverfisstofnunar þar að lútandi. Gervitunglamyndirnar fást í gegnum CleanSeaNet þjónustu EMSA og eru notaðar til að greina hugsanlega olíumengun innan íslenskrar mengunarlögsögu. Brugðist er við ef eitthvað bendir til að olíumengunar gæti á viðkomandi hafsvæði. Árið 2021 voru engin tilvik um olíumengun staðfest innan íslenskrar mengunarlögsögu í kjölfar greininga á gervitunglamyndum. Í einu tilviki var ekki hægt að greina hvort um olíutengda mengun væri að ræða eða falska svörun. Nánari upplýsingar um CleanSeaNet og eftirlit í íslenskri mengunarlögsögu, atvik á sjó og tilkynningar er varða bráðamengun er að finna í skýrslu LHG (Annual Marine Oil Pollution Report for the year 2021) sem er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

5. Æfingar og þjálfun

Aðgerðaáætlun [Umhverfisstofnunar](#), [Landhelgisgæslu Íslands](#) og [Samgöngustofu](#) um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Áætlunin fjallar um hvernig bregðast á við þegar óhöpp verða á sjó er varða skip í efnahagslögsögu Íslands sem þykja ógna siglingaöryggi eða geta valdið umhverfistjóni. Áætlunin er hugsuð sem sameiginlegt stjórnþæki Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu og er ætlað að tryggja fumulast verklag og framkvæmd viðbragða vegna bráðamengunar og þegar hætta er talin á bráðamengun. Auk þess er aðgerðaáætluninni ætlað að tryggja rétta framkvæmd við

notkun skipaafdrepa sem útnefnd eru af Samgöngustofu. Skipaafdrepp eru annars vegar innan hafna (neyðarhöfn) og hins vegar skjólgóð svæði sem eru tilgreind utan hafna.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir að tvær æfingar séu haldnar árlega, annars vegar verkleg æfing og hins vegar skrifborðsæfing. Engin skrifborðsæfing var haldin á árinu 2021 en fulltrúar frá Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun tóku þátt í skrifborðsæfingunni [ARCSAR TTX 2021 "Oil in Ice"](#) sem var haldin dagana 9. og 10. nóvember 2021. Verkleg mengunarvarnaæfing fór fram 12. október og var útfærð með þeim hætti að kynna um borð í varðskipinu Þór notkun sýnatökubúnaðar til að taka olíusýni úr mengunarflekkjum. Slíkur búnaður verður staðsettur um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

Í gildi er samningur milli Umhverfisstofnunar og Olíudreifingar um aðstoð ODR í viðbrögðum við bráðamengun og notkun og viðhald mengunarvarnabúnaðar Umhverfisstofnunar. Samkvæmt samningnum er meðal annars gert ráð fyrir þjálfun og æfingum útkallshóps ODR (kjarnahóps) a.m.k. einn dag árlega. Starfsmenn ODR héldu enga mengunarvarnaæfingu árið 2021 vegna áhrifa COVID-19.

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt svokallaðri innri viðbragðsáætlun ef bregðast þarf við vegna bráðamengunar. Engin skrifborðsæfing var haldin á árinu 2021 í ljósi gildandi sóttvarnareglna vegna COVID-19 .

Samráðsfundur Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar var haldinn þann 18. maí 2021 en fundi sem halda átti í desember 2021 var frestað fram í janúar 2022.

Sameiginleg skrifborðsæfing EPPR og samtaka strandgæslustofnana á norðurslóðum (Arctic Coast Guard Forum) var haldin í apríl 2021, sjá nánar hér fyrir neðan.

Auk þessa tóku tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um bráðamengun og viðbrögð við olíumengun (The International Oil Spill Conference, IOSC) og í námskeiði henni tengdri um hegðun og áhrif olíu í vatnsumhverfi.

6. Innlent og erlent samstarf

6.1 Mengunarvarnaráð hafna

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal ráðherra að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skipa átta fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna til fjögurra ára í senn. Umhverfisstofnun tilnefnir tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Hafnasamband Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa sem skal vera starfandi heilbrigðisfulltrúi, og Samgöngustofa og Vegagerðin einn fulltrúa hvor. Að auki hafa Landhelgisgæsla Íslands og Almannavarnir verið með áheyrnarfulltrúa í ráðinu.

Hlutverk mengunarvarnaráðs hafna er:

- a. að vera formlegur samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar og hafna um málefni sem varða viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun innan hafnarsvæða,
- b. að stuðla að samstarfi og samhæfingu milli hafna um viðbúnað, samræmingu viðbragðsáætlana og viðbragða við bráðamengun,
- c. að gera tillögu til Umhverfisstofnunar um uppbyggingu og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og
- d. að koma með ábendingar og tillögur um innihald viðbragðsáætlana.

Ekki var fundað í mengunarvarnaráði hafna á árinu 2021.

6.2 Kaupmannahafnarsamkomulagið

Kaupmannahafnarsamkomulagið er samningur milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð við viðbrögðum við mengunaróhöppum á sjó. Umhverfisstofnun sótti aðalfund og fund í vinnuhópi Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2021. Ísland hefur einnig tekið þátt í starfi norræns samstarfshóps lögfræðinga (Ad Hoc Working Group) sem settur var á fót í tengslum við starf Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2018.

Tvær skrifborðsæfingar eru haldnar á vegum Kaupmannahafnarsamkomulagsins á hverju ári þar sem opinberir tengiliðir eru prófaðir. Ísland tók þátt í einni slíkri æfingu árið 2021.

Í október 2021 var haldin æfing í Kaupmannahöfn í tilefni afmælis Kaupmannahafnarsamkomulagsins. Tveir fulltrúar Umhverfisstofnunar tóku þátt, einn fulltrúi frá Samgöngustofu og einn frá Landhelgisgæslu Íslands.

6.3 EPPR / MOSPA

Árið 2013 gerðu ríki Norðurskautsráðsins með sér samkomulag um viðbrögð gegn bráðamengun vegna olíu, svonefnt *Agreement on Cooperation on Marine Oil Pollution Preparednes and Response in the Arctic* (MOSPA). Framkvæmd samkomulagsins er tengt vinnuhópi á vegum Norðurskautsráðsins sem nefnist EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response) og vinnur að stefnumörkun er snýr að viðbrögðum við umhverfisslysum.

Ísland sótti fundi EPPR vinnuhópsins og sérfræðihópa árið 2021, en árlega eru haldnir tveir fundir. Fundir árið 2021 voru haldnir sem fjarfundir vegna áhrifa COVID-19.

Mengunarvarnaæfingar á vegum MOSPA eru almennt haldnar á tveggja ára fresti, en árlega fer fram svokölluð tengiliðaprófun (connectivity test) þar sem upplýsingar um opinbera tengiliði eru prófaðar.

Fyrirhugað var að EPPR og Arctic Coast Guard Forum myndu halda sameiginlega verklega æfingu sem lyti bæði að leit og björgun og viðbrögðum við bráðamengun. Takmarkanir vegna COVID-19 komu í veg fyrir það en haldin var sameiginleg skrifborðsæfing EPPR og Arctic Coast Guard Forum í apríl 2021 ([Arctic Guardian 2021](#)). Markmið æfingarinnar var að bæta getu ríkja á Norðurslóðum til að bregðast við óhöppum á sjó sem krefjast sameiginlegrar leitar og björgunar og viðbragða við mengun í umhverfi sjávar.